

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta, tolla og gjöld (samsköttun félaga, takmörkun á frádrætti vaxtagjalda, leigutekjur, virðisaukaskattur, vörugjald af grindarbílum o.fl.) (385. mál).

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta, tolla og gjöld á þingskjali 515.

Frumvarpið er samtíningur af ýmsum tillögum að lagabreytingum úr ranni fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Sumar þeirra eru aðallega tæknilegs eðlis og sér Félag atvinnurekenda ekki ástæðu til að taka afstöðu til þeirra allra að svo komnu máli.

FA telur hins vegar ástæðu til að gera athugasemd við 13. grein frumvarpsins, þar sem lagðar eru til breytingar á 172. grein tollalaga. Gert er ráð fyrir að gera þá breytingu að refsa megi innflytjendum vöru fyrir ranga upplýsingagjöf af einföldu gáleysi, í stað stórfellds gáleysis eins og nú segir í lögnum.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að brot gegn ákvæðum 172. gr. tollalaga varði ekki refsingu nema þau hafi verið framin af ásetningi eða að lágmarki stórfelldu gáleysi og séu því gerðar strangari kröfur þegar um brot gegn fyrrgreindri grein tollalaga er að ræða en varðandi brot gegn ákvæðum tollalaga almennt.

„Reynsla tollyfirvalda hefur sýnt að nær ómögulegt er að sýna fram á ásetning eða stórfellt gáleysi brotamanns vegna verknadar sem fellur undir verknadarlýsingu 172. gr. tollalaga. Afar sjaldgæft er að ákæra sé gefin út í slíkum málum og í þeim tilvikum þegar er ákært er afar fátítt að hún leiði til sakfellingar. Í allnokkrum málum hafa meintir brotamenn verið sýknaðir af broti gegn ákvæðum 172. gr. tollalaga þrátt fyrir að upplýst hafi verið og jafnvel viðurkennt að réttar upplýsingar hafi ekki verið veittar. Varnaðaráhrif 172. gr. tollalaga eru því afar takmörkuð enda er áhætta innflytjenda af því að hljóta refsingu fyrir brot sín mjög lítil,“ segir í greinargerðinni.

Þar er dregin sú ályktun að nauðsynlegt sé að breyta ákvæði 172. gr. tollalaga þannig að brot gegn ákvæðum greinarinnar varði refsingu sé það framið af ásetningi eða gáleysi. „Slík breyting mun auka verulega líkur á að réttar upplýsingar berist tollyfirvöldum við innflutning sem aftur ætti að leiða til réttari álagningar aðflutningsgjalda en ella,“ segir í greinargerð ráðuneytisins.

Félag atvinnurekenda geldur varhug við áformum um að herða refsíákvæði tollalaga. Tollalöggjöfin er flókin og oft og tíðum ógegnsæ. Innflytjendur eru oft í miklum vandræðum með að ráða fram úr henni og dæmi eru um að jafnvel að fenginni ráðgjöf starfsmanna Tollstjóra eða ráðuneytisins

varðandi ákveðna framkvæmd verði það niðurstaðan löngu síðar að vara hafi verið rangt tollflokkuð og innflytjandi sé þá sakaður um að hafa veitt rangar upplýsingar. Eins og efni frumvarps þessa sýnir – þar sem verið er að leiðrétta margs konar mistök og handvömm við setningu laga og reglna – eru mistök algeng við framkvæmd flókins regluverks. Leiðin til að tryggja að réttar upplýsingar berist er ekki að herða refsingar, heldur að tollayfirvöld leggi sig betur fram um að veita réttar upplýsingar og ráðgjöf við framkvæmd tollalaganna.

Að mati FA ættu breytingar á tollskrá um tvenn síðustu áramót, þar sem felldir voru niður allir tollar nema á tilteknum matvörum, að auðvelda tollayfirvöldum að einbeita sér að ráðgjöf og samstarfi við innflytjendur um rétta framkvæmd og góða upplýsingagjöf.

Félagið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum og er jafnframt reiðubúið að funda um málið.

Virðingarfyllst,
Félag atvinnurekenda

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA